

Fundur velferðarvaktarinnar 11.6.2010

Ráðherra, fundarstjóri aðrir góðir tilheyrendur.

Staða lífeyrisþega í efnahagskreppunni er forskrift þessara hugleiðinga.

Þá vaknar spurningin hvað er lífeyrisþegi.?

Í minum huga er svarið við þessari spurningu afskaplega einfalt.

Lífeyrisþegi er sá aðili, sem er að njóta ávaxtanna af starfi sínu. Njóta þess, sem hann hefur lagt til hliðar til eftirlaunaáranna, svo og það, sem hefur verið greitt inná almannatryggingakerfið, sem hluta af lífeyri .
(Grunnlífeyri)

Ef við lítum aðeins til baka til upphafs almannatryggingakerfisins: Þá vil ég nefna þetta. Alþýðuflokkurinn gerði það að skilyrði fyrir þáttöku í nýsköpunarstjórninni, sem sat að völdum 1944 – 1946, að sett yrðu lög um almannatryggingar. Áður hafði Alþýðuflokkurinn komið á alþýðutryggingum 1936. En Ólafur Thors, forsætisráðherra, samþykkti tillögu Alþýðuflokksins og í ræðu um málið sem hann flutti, sagði hann, að almannatryggingarnar ættu að vera fyrir alla **án tillits til efnahags**.. Með þessum aðgerðum gengum við framár í þessum efninum en aðrar þjóðir. Þarna stóðum við Íslendingar öðrum þjóðum framár.

Allir áttu að vera jafnir í þessu tilliti. Hugsunin var sú að þarna væri ekki um fátækraframfærslu að ræða, heldur framfærslulífeyrir. Hluti af eftirlaunum.

Síðan koma þeir Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins og Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar. á lífeyrissjóðakerfi, í kringum 1969, þar sem launþegar greiddu ákveðna prósentu af sínum launum og gulrótin í þessu máli var sú að atvinnurekendur skyldu greiða framlag á móti. Þegar þetta lífeyrissjóðakerfi var stofnað átti það að kom til viðbótar við almannatryggingarkerfið, svokallaðan grunnlífeyri. Þessi grunnlífeyrir átti að fylgja almennum launahækkunum. Þennan grunnlífeyri áttu allir að fá án tillits til annarra lífeyrissjóðs tekna.

Hugsunin var sú, að þetta kerfi myndi duga, þegar það væri orðið fullþroskað, ásamt svokölluðum séreignasparnaði, til þess að allir gætu

átt vel til hnífs og skeiðar þegar starfsævi lyki og viðkomandi gæfist færi á að njóta áhyggjulausts ævikvölds.

Þannig var til sáð í upphafi og uppskeran farin að koma í ljós. Okkur tókst svo sannarlega að byggja þarna upp sterkt og öflugt kerfi, kerfi sem margir líta nú öfundaraugum til. Og var þess umkomið að styða vel við fjárhagslegt öryggi ellilífeyrisþega.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Þá þegar var byrjað á því að hringla með kerfið og skaða það. Því miður þá hafa skyndilausnir verið alltof ríkur þáttur hjá okkur. Alltaf verið að bjarga í horn. Málin ekki skoðuð til enda og ekki gætt nægjanlega að þeim afleiðingum sem ákveðnar aðgerðir hafa í för með sér.

Það er lítið vit í því að skammta svo naumt á jötuna að fjöl margir lífeyrisþegar eiga vart til hnífs og skeiðar og eiga mjög erfitt með að láta dæmið ganga upp fjárhagslega, og vera þess vegna með stöðugar fjárhagsáhyggjur sem leiða síðan til heilsubrests og í framhaldi af því að verða spítalamatur. Það er nú ekki aldeilis ókeypis.

Er þar fyrst til að nefna að grunnlífeyrir var tekinn úr sambandi við almennar launahækkanir, síðan var farið að íja að því að með tilkomu lífeyrissjóðanna og eftir því sem þeim óx fiskur um hrygg að þær ættu að taka yfir greiðslur frá almannatryggingum, sem gengur þvert á upprunalegu hugsunina um þær og 1. júlí 2009 var svo skrefið stigið til fulls með því að tekjutengja grunnlífeyri við aðrar tekjur frá lífeyrissjóðum en fram að þeim tíma hafði hann fengið að vera í friði gagnvart öðrum lífeyrissjóðsgreiðslum.

Með þessum aðgerðum er staða lífeyrisþega gerð afskaplega erfið og sá lífeyrir sem eldri borgurum er ætlaður, er langt í frá að vera nægur til sómasamlegrar framfærslu.

Að mínu mati er það algjörlega röng hugsun að líta svo til að greiðslur frá almannatryggingum skul vera einskonar fátækraframfærsla.

Með þeim ráðastöfunum, skerðingum, sem hér hafa verið nefndar og þá sérstaklega þær óhóflegu tekjutengingar, sem hér viðgangast, þá eru kjör lífeyrisþega gerð mikið verri en efni standa til í þeirri efnahagskreppu sem nú ríður yfir þjóðarbúið.

Árni Páll félagsmálaráðherra leggur til í blaðagrein í Fréttablaðinu núna 8 júní, að laun ríkisstarfsmanna og lífeyrir aldraðra verði fryst til 2013. Ráðherrann athugar ekki, að laun ríkisstarfsmanna (með laun undir 180-220 þús. á mán.) hafa hækkað verulega á undanfarandi ári eða um 23 þús. kr. á mán. auk hárrar persónuuppbótar. En á sama tíma hefur lífeyrir eldri borgara ekkert hækkað, heldur lækkað vegna aðgerða Félags-og tryggingamálaráðherra. Eldri borgarar og öryrkjar eiga því inni þessa hækkun á lífeyri sínum. Á almennum markaði er hækkunin ca 16%. Fyrst þarf að leiðrétta lífeyrinn til samræmis við launahækkanir áður en rætt er um, að frysta lífeyri eða lækka.

Ég fæ ekki betur séð af þessu en að staða lífeyrisþega sé mjög bágborin í dag og þeir verði svíknir um umsamdar hækkunir.

Okkar krafa er að sjálfsögðu sú að staðið sé við gerða samninga gerðar séu tafarlausar leiðréttingar og búið sé þannig um hnútana að fólk geti lifað hér á okkar góða og gjöfula landi við fjárhagslegt og umönnunarlegt öryggi. Það að ætlast til að eldri borgarar beri ofurbyrðar vegna efnahagshrunsins og að vænlegasta leiðin til að rétta við hag ríkissjóðs sé að skerða lífeyri eldri borgara og svíkja gerða samninga. er ekki góð pólitík.

Helgi K. Hjálmsón, formaður LEB.